

Björgunar- sagan á Flateyri

Heimildarmynd um björgunarsögu snjóflóðsins á Flateyri 1995 verður frumsýnd í haust. Leikstjórinn er borinn og barnfæddur Flateyringur og hefur áður gert heimildarmynd um leitarhundana sem komu við sögu við björgunartörf eftir snjóflóðin á Flateyri og í Súðavík.

Sigríður Guðfinna Ásgeirsdóttir

Einar Þór Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður hefur undanfarin ár unnið að gerð heimildarmyndarinnar Norð Vestur, sem verður frumsýnd í haust. Þá eru 15 ár liðin frá því að snjóflóðið féll á Flateyri, en myndin segir björgunarsögu flóðsins.

Einar er sjálfur frá Hvílt í Önundarfirði. Hann sleit barnsskónum á Flateyri, gekk þar í skóla og þar eru hans æskustöðvar. Hann þurfti að hugsa sig lengi um áður en hann fór út í gerð myndarinnar, þar sem atburðirnir standa honum afar nærri. En nú verður ekki aftur snúið.

Fyrst leitarhundarnir

Einar útskrifaðist frá London Film School árið 1992 með leikstjórn sem aðallag og fór síðan í meistaranám í City University í London þaðan sem hann útskrifaðist í listrænni stjórnun og stefnumörkun árið 2001.

Hann var einn fimm leikstjóra Villiljóss, sem frumsýnd var árið 2001, og hefur leikstýrt tveimur leiknum íslenskum kvikmyndum til viðbótar; Þriðja nafninu frá árinu 2003 og Heiðinni frá 2008. Árið 1997 kom út eftir hann heimildarmyndin

Leitarhundar, sem fjallaði um hundana sem hjálpuðu til við björgunartörf eftir snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri árið 1995. Við gerð þeirrar myndar safnaðist mikið efni sem Einar nýtir sér í þessari nýjustu mynd sinni.

Björgunarsagan sögð

Blaðamaður tók hús á Einari í miðbæ Reykjavíkur til að forvitnast um gerð myndarinnar Norð Vestur og hvernig tilfinning það er að rifja þessa atburði upp. Við setjumst við eldhúsbordit og fáum okkur kaffi.

„Myndin segir björgunarsögu vegna snjóflóðsins á Flateyri í október 1995.“ segir Einar. „Hún flokkast sem mynd í fullri lengd og verður um 100 mínútur. Hún segir líka að hluta til frá byggðinni á norðanverðum Vestfjörðum, það er að segja bæjarkjörnum í kringum Ísafjörð, sem mér fannst mikilvægt til þess að við skiljum björgunaraðgerðirnar. Það eru bæjarfélögin í kring sem eru með björgunarsveitir og það eru líka þessi fjöll sem skilja að og eru illfær á veturna. Ég reyni að láta það koma fram, hvar staðirnir eru

og hvað þeir eiga sameiginlegt og hvaða karakter þeir hafa.

Ég segi þó mest frá Flateyri, sem um leið er lýsandi fyrir bæjarkjarnana í kring, þar sem sjávarútvegur er aðalvinnugreinin. Alls staðar er einn skóli, ein kirkja, eitt kaupfélag, ein sjoppa og þetta er svipað að mörgu leyti. Svo aðgreina einstakir atburðir þessi þorp og sögu þeirra, eins og snjóflóðin. Í atvinnusögunni eru það eigendaskipti á frystihúsum og togurum og fleira, en í aðalatriðum er þetta mjög svipað.

Ég fékk mikið af myndum frá heima-mönnum, bæði á Flateyri og nágrenna-byggðum, sem ég nýti í myndinni. Einnig hefur vinur minn sem er gamall Flateyringur, Halldór Bragason, lagt mikla vinnu í að gera þrívíddarmyndir af Flateyri í réttum hlutföllum, sem gefa góða mynd af öllum aðstæðum og atburðarásinni.“

Í kjölfar flóðanna

Eins og áður kom fram segir fyrri hluti myndarinnar björgunarsöguna en sá seinni fjallar um ýmis málefni sem breyttust eftir flóðin, eða árið sem þau féllu.

„Eitt af því sem breyttist var viðhorf

„Eitt af því sem breyttist var viðhorf fólks til rannsókna á snjóflóðavarnargerð og byggingu snjóflóðavarnargarða, hvernig skilgreina á áfallahljálp og hvaða virkni eða hlutverk hún hefur,“ segir Einar í viðtalinu.



fólks til rannsókna á snjóflóðavarnargerð og byggingu snjóflóðavarnargarða, hvernig skilgreina á áfallahljálp og hvaða virkni eða hlutverk hún hefur,“ segir Einar.

„Þar skapast reynsla hjá verkfræðingum, hjúkrunarfólki og náttúrlaga fjölmiðlum – og það hefur áhrif á samskipti þeirra. Þessir stóru atburðir höfðu áhrif á alla þessa mála-flokka. Og líka á það hvernig björgunarsveitirnar skipuleggja sig og hvernig tæknin spilar inn í öll samskipti. Allir björgunarsveitarmenn eru komnir með farsíma og miklar kröfur gerðar um það að allir séu í sambandi. Það var ekki hægt fyrir 20 árum og jafnvel ekki 15 árum.“

Ástæður byggðaröskunar

Einar segir að ýmsar ástæður séu fyrir fækkun í byggðalaginu: „Þar fléttast saman tæknipróun, almenn byggðapróun, atvinnubrúun og tækifæri til menntunar, auk náttúruhamfaranna. Það varð fækkun á Flateyri eftir flóðið, en það er mikilvægt að átta sig á því að fleiri þættir spila þar inn í. Ég reyni að draga þá fram í myndinni.“

Hann segir að margir hafi dregið lærdóm af þessum atburðum. „Það er líka til



Morgunblaðið/RAX

Morgunblaðið

27. október 1995

PAULÉYST ÍSKJÓFLÓÐINU Á FLATEYRI

NÍJTJÁN FÓRUST Í EINU MANNSKEDASTA NJÓFLÓÐI ALDARINNAR – 25 BJÖRGUDUST – EINS ÁRS TELPU VAR ENN SAKNAÐ Í NÓTT

27. október 1995: Fómariömb snjóflóðsins á Flateyri.



Flateyri við Onundarfjörð

Morgunblaðið/Ómar

Maður finnur að margir hafa dregið mikinn styrk úr þessari reynslu – styrk sem lýsir sér í bjartsýni og framtíðarhugmyndum, þó að snjóflóðið sé mörgum enn í fersku minni.

fólk sem vill ekki læra eða telur sig vita allt hvort sem er, en almennt séð upplifi ég það þannig að fagfólk og heima fólk hafi öðlast mikla reynslu og þekkingu sem það býr að. Margt þyrfti að skrúsetja, en þarna varð til gríðarleg reynsla sem mun skila sér til næstu kynslóða.“

Myndin lengi í maganum

Norð Vestur hefur verið lengi í vinnslu. Einar gerði myndina Leitarhundar árið 1996, en hún var sýnd í Ríkissjónvarpinu árið 1997. Við vinnslu hennar safnaðist mikið af myndum og heimildum.

„Sú umræða kom upp að gera líka mynd um flóðið. Á þessum tíma var svo stutt liðið frá flóðinu að það var ekkert hægt að fjalla um einstaka atburði, sem tengdust björgun og áföllum og í rauninni harmleikjum fólks og hvernig hundar komu þar við sögu. Það þurfti að fara í kringum það. Og þá kom fram vilji hjá þeim sem unnu að myndinni, björgunarsveitarmönnum og fleirum, til þess að segja frá. Á þeim tíma ætlaði ég ekkert að gera þessa mynd. En ég hugsaði þó með mér, að ef ég myndi einhverna tíma gera slíka mynd, þá væri gott



Morgunblaðið/RAX

Eyðleggjngin blasir við en myndin er tekin við endamörk flóðsins skammt frá kirkjunni.

ad eiga þessar myndir. Ég man ekki hvernær ákvörðunin var tekin, ætli það hafi ekki verið fimm árum seinna. Þetta eru ekki beint örlög, heldur leyfir maður hlutum stundum bara að þróast.

- Hvernig hefur það verið fyrir þig persónulega að vinna þessa mynd, þar sem þú ert frá Flateyri?

„Það hafa verið kostir og gallar við það, sem ég áttaði mig á í upphafi. Það er regla í mínu fagi sem rithöfundur að fluga tengslin við efnið, ekkert endilega hvort þau eru góð eða slæm, heldur hvernig þeim er háttáð.

Þegar ég hafði yfirvegað það, og það gerðist ekki á einu kvöldi, þá tók ég þá stefnu að gera björgunarsöguna og samantekt um áhrif flóðsins á ýmsar hlíðar mannlífsins. Það nýttist mér vel að þekkja marga sem tengdust flóðinu sterkum böndum, til dæmis skólafélaga úr barnaskóla og stráka sem ég hittit alltaf öðru hverju. Ég heyrdi því alltaf sögur og þurfti ekki mikla rannsóknarvinnu eða byggja upp traust til að fá nánnari upplýsingar um það sem var viðkvæmt fyrir fólk.

Viðtölin tóku mikla orku

Þegar Einar er spurður hvort eitthvað hafi komið honum á óvart við gerð myndarinnar kemur ýmislegt upp í hugann. Þó er það aðallega tvennt.

„Það sem kom mér mest á óvart var hve margir vildu að þetta yrði skrásett í einhverju formi og einnig hvað þetta gat tekið mikla orku. Ég man eftir tilvikum þar sem ég fann að ég þurfti að hvíla mig vel á milli viðtala, ekki það að maður tæki þetta inn á sig, heldur var þetta bara svo dramatískt.

Ég ákvað svo í fyriravor að taka bara eitt, tvö viðtöl á viku, alveg hámark. Svo fór ég bara í labbitúr,“ Einar hlær. „Það var eina vitið. Þótt þetta væru ekki táfélendandi dramatísk viðtöl, þá var sagan á bak við þau svo mögnuð að hún snertir alla. Það kostaði orku að hlusta og meðtaka – og svo er ég bara svo mikil kelling.“

Einar brosir.

„Það var líka erfitt að velja rödd fyrir myndina. Það er ekki hægt að koma mörg hundruð manns fyrir í einni mynd. Í raun var erfðast að finna út úr því, hvernig ég ætti að velja þessa rödd. Það er hluti af frásagnaröferðinni að nota ekki þul, heldur fá fólk til að segja frá. Það varð að reyna að fá flæði í frásögnina og staðsetja atburðina og svo eru kannski einn eða tveir einstaklingar sem segja frá atburðum sem fleiri hafa lent í. Það var frekar erfitt ferli að finna lausn á því í þessu knappa formi. Það eru fleiri þúsund manns sem tengjast þessu beint eða óbeint. Það bjó kannski ættingi í Þýskalandi sem fylgdist með þessu á sínum tíma í gegnum fjölmiðla og það er allt annað en að upplifa þetta á Flat-

eyri og lífa það af, en svo eiga þeir kannski sama frænda sem varð undir flóðinu.“

Jákvæðni og bjartsýni

Einar segir að það hafi líka verið þung vinna að fjármagna myndina, kannski ekki erfið, en þung. „Fjármögnun var ekki lokið að fullu fyrir hrúnið og það er þung vinna sem fylgir fjármögnun heimildarmyndna hérna á Íslandi. Ég ætla ekkert að kvarta undan því, en það hefði getað verið léttara. En framlög margra fyrirtækja og einstaklinga hafa skipt sköpum, þótt ekki sé um háar fjárhæðir að ræða. Bara það að fá lánað hús getur skipt sköpum þegar á þarf að halda og það hefur gengið mjög vel. Það er ekki alltaf stærðin sem skiptir máli, bara hjálp í smátíma. Svo fengum við litla styrki, sem skiptu sköpum bara á þeim tímum, þannig að margir eiga þakkiir skildar fyrir að hafa hjálpað til.“

- Það er þá mikill áhugi fyrir því að myndin komi út?

„Já, ég finn fyrir miklum áhuga, en svo veit maður náttúrliga ekkert hvernig fólk tekur myndinni.“

- Hvað stendur upp úr eftir að hafa skoðað þessa atburði svona vel?

„Það tengist kannski ekki beint flóðunum, heldur stöðunni eins og hún er í dag. Maður finnur að margir hafa dregið mikinn styrk úr þessari reynslu – styrk sem lýsir sér í bjartsýni og framtíðarhugmyndum, þó að snjóflóði sé mörgum enn í fersku minni. Þeir sem eru frá Flateyri eða tengjast staðnum á annan hátt, til dæmis hagsmunaböndum eða tilfinningaböndum, hafa allir áhuga á því að byggja staðinn upp aftur og eru að átta sig á því að fimmtán ár eru ekkert langur tími. Þetta er í raun stuttur tími. Og þess vegna kemur mest á óvart hvað viðhorfin til framtíðarinnar eru jákvæð.

EKKI ÞAÐ AÐ ÉG HAFI HALDIÐ AÐ VIÐHORFIN YRÐU NEIKVÆÐ, EN ÉG FINN AÐ ÞESSI JÁKVÆÐNI Á SÉR DJÚPAR RÆTUR. FÓLK VELTIR FÜRIR SÉR TÆKIFÆRUM TIL AÐ BÆTA ATVINNUÁSTANDIÐ, AUDAÐA MANNLÍFIÐ, FÁ FÓLK TIL AÐ FLYTJA TIL STAÐARINS, HALDA UPPÍ SKÓLASTARFI, OG UMFRAM ALLT HALDA STAÐNUM Í BYGGÐ OG VIÐHALDA REISN HANS. EINN VIÐMÆLANDI LÝSTI ÞESSU ÞANNIG AÐ ÞEGAR TÍU ÁR HEFÐU VERIÐ LIÐIN FRÁ SNJÓFLÓÐINU Á FLATEYRI ÞÁ HEFÐI FLATEYRI VERIÐ EINS OG BOXARI SEM FENGIÐ HEFÐI ÞUNGT HÖGG OG VÆRI KOMINN Á HÉNEN, EN FÆRI EKKI ALVEG NIÐUR. OG NÚNA ER HANN STAÐINN UPP.“

- Hvers vegna tókstu viðtöl við Vigðisi Finnbogadóttur fyrir myndina?

„Vegna þess að allir eru sammála um að hún hafi reynst heimaþólki mjög vel. Hún kom ekki bara inn í þetta sem forseti, þáverandi forseti, heldur líka sem sameiningartákn. Og hún náði til fólksins. Það var ekki hægt annað en að tala við hana og hún veitti góðfúslega leyfi fyrir því.“



Morgunblaðið/Sverrir

Förnarlambanna minnst með blýsfor við Ingólfstorg.

Tækifæri í hrúninu



Morgunblaðið/RAX

Einar Þór Gunnlaugsson vinnur nú að leikriti og bíómynd er í biðstöðu, en vegna samdráttarins segist hann ekki hafa ákveðið hvort hann fer af stað með verkefni erlendis eða hér heima.

„Ég fékk styrk úr leikritunarsjóði Þjóðleikhússins, Prologos, og er að skrifa leikrit og er langt kominn með það,“ segir hann.

- Hefurðu komið nálægt starfi leikhúsa áður?

„Nei, ekki nema bara á unglingsárunum. Svo lék ég í tónlistarmyndböndum og stuttmyndum þegar ég bjó í London til að skrapa saman fyrir leigunni þegar ég var í námi. Ég var líka statisti í Þjóðleikhúsinu meðfram skóla. En ég hef skrifað kvikmyndahandrit og þjó það sé mjög öflíkt, þá eru áherslur grunnatriði sem nýfast, eins og persónusköpun og fleira.“

Það breytti sýn Einaris á lífið þegar hann fór í sjálfboðaliðastarf í Nikaragva árið 1988.

„Þá tók ég alveg nýjar ákvarðanir í lífinu,“ segir hann. „Ég hafði skipulagt það í þaula, eins og fólk gerir um títugt. Ég var búinn að skrá mig í háskólannám í Madrid og ætlaði bara að gerast fræðimaður, læra spænsku og finna mér einhverja góða afsökun til að ferðast út um allan heim.“

En þegar ég fór til Nikaragva á tímum Kontrastríðsins, skipti ég ekki bara um stefnu heldur gjörsamlega um viðhorf til lífsins. Ég missti alla trú á háskólunum á Vesturíöndum, alla trú á heimspeki og alla trú á fjölmöllum. Þetta gerðist á nokkrum mánuðum. Andrúmsloft stríðs breytti þessu öllu.

Ég fór samt í háskóla, en lagði fyrir mig kvikmyndagerð, því ég hafði misst trú á öllu öðru. Ég vildi nýta tímann og læra og þá fannst mér þetta ágætis lending, að geta unnið við framkvæmd og í sköpum. Ég var samt algjörliga óákvæðinn um hvað ég ætlaði að gera í framtíðinni. Ég trúði þessu varla sjálfur, því ég hélt að ég væri svo rosalega skipulagður, en svona getur lífið verið. Þótt maður haldi að maður sé alltaf að hugsa með heilanum þá er það hjartað sem ræður för – annars væri maður með stóðugan hausverk. Eftir þetta bjó ég erlendis, í London og á Spáni, í sautján ár og flutti ekki heim fyrir en árið 2008.“

Hann segist þó hafa ætlað að flytja heim til Íslands fyrir tíu árum, en þá fannst honum spillingin af mikil. Ekki væri búandi á Íslandi. Og Einar segist sjá tækifæri í hrúninu.

„Það er náttúrliga margt spennandi að gerast. Ég hefði aldrei trúað að maður ætti eftir að upplifa svona miklar breytingar – að það yrði hlutskipti okkar kynslóðar að taka þátt í þessu. Allt fjármálakerfið hrundi og það er mikil pólitísk krísa. Það eru gríðarlegar breytingar og þeim fylgja tækifæri og nýir farvegir sem verða til.“

Hann segir andrúmsloftið allt annað en það var fyrir tíu árum þegar hann ætlaði að flytja heim. „Þá upplífi ég Ísland sem mjög spilt land og að mörgu leyti mjög óhagkvæmt, stjórnsýsluna og hagsmunatengslin, alveg eins og umræðan og uppgjörð gengur út á í dag. Það eru ekki gerðar kröfur um faglegar ráðningar og gagnsæi að ástæðulausa. Maður upplífi það að einhver flokkbundinn einstaklingur fékk mjög mikla fyrirreiðslu á láni á meðan einhver ungur sjómáður á Vestfjörðum fékk ekki smáfirdrátt til að halda hjallinum sínum. Þetta var óþolandi. En það að upplifa að þetta hafi hrúnið svona fljótt, það er náttúrliga sögulegt.“

- Og þú sérð þetta sem tækifæri?

„Já, þetta er það, þetta er langtíma verkefni. Ég vona bara að í öllum flokkum verði öfl sem geri byltingu innan þeirra og stofnað verði nýtt lýðveldi. Það er einlegja það eina í stöðunni held ég, nýtt lýðveldi og ný stjórnskrá og ekkert kjaftæði. Flott þekkingarsamfélag sem er ofsalega heinskiptið.“ Einar brosir og leggur áherslu á síðustu orð sín: „Burt með allt þetta spilti lið.“